

# Fundargerð

## Sjöundi fundur samstarfshóps vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams þann 17. ágúst, 2022 kl. 13:00-14:00

### Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda  
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar  
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

### Markmið fundar/Dagskrá

1. Tökum stöðuna eftir sumarfrí
  2. Ákveða tímasetningu á opnum kynningarfundum fyrir landeigendur.
  3. Önnur mál.
- 
1. Teknar voru upp umræður um húsnæði landvarða og salernisaðstöðu innan friðlandsins og eru skiptar skoðanir hjá landeigendum, þau vilja leggja áherslu á að nýta það húsnæði sem er á svæðinu sem aðstöðu fyrir landvörð og hafa salernisaðstöðu eingöngu á Brunnum áfram eins og verið hefur. Haldið verður áfram að vinna í korti um svæðið og jafnvel gera sérstakt örnefnakort sem landeigendur sem hafa góða þekkingu á svæðinu rýni til að viðhalda þeirri þekkingu, hugmyndir um að draga jafnvel Örnefnastofnun að borðinu til að rýna kortið. Erum ennþá að bíða eftir svörum frá Samgöngustofu og fuglafræðingi Ní (sjá síðustu fundargerð).
  2. Tímasetning á opnun kynningarfundum verður 22. september frá klukkan 17:00-19:00 í sal Umhverfisstofnunar. Tilgangur fundar er að gefa landeigendum kost á að spyrja út í áætlunina áður en hún fer í formlegt kynningarferli. Farið verður yfir ferlið við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, hvar vinnan er stödd og hver næstu skref verða eftir fundinn. Jón og Aðalheiður munu sjá til þess að fundarboð berist öllum landeigendum.
  3. Umræður um flugatvik við Látrabjarg, eitthvað af því að fólk sé að sjá flug yfir svæðinu sem undirstrikar mikilvægi þess að setja frekari reglur um takmörkun á flugi.

### Næstu skref:

- 1) Þórdís gerir fundarboð og skráningartengil fyrir opinn kynningarfund fyrir landeigendur – miðað við að senda á landeigendur skráningarhlekki í fyrstu vikunni í september – eins gera facebook event.
- 2) Höldum áfram með að vinna kort og lagfæra með kortagerðamanni Umhverfisstofnunar.
- 3) Aðalheiður sendir núverandi vinnukort á nefndina í rýni.
- 4) Senda á samstarfshópinn nýja textann frá Borgnýju fuglafræðingi þegar hann berst.